

HIN EINFALDA ÁÆTLUN GUÐS UM FRELSUN

VINUR, ég spyr þig mikilvægustu spurningar lífs þíns. Gleði þín og sorgir um alla eilífð byggjast á svari þínu. Spurningin er þessi: Ertu frelsaður? Þetta snýst ekki um hversu góður þú ert eða hvort þú ert í einhverjum söfnuði, heldur hvort þú sért frelsaður. Ertu viss um að þú farir til himna þegar þú deyrð?

Guð segir að til þess að komast inn í himnaríki verðirðu að endurfæðast. Í Jh 3.7 segir Jesús við Nikódemus: “Yður ber að fæðast að nýju.”

Í Biblíunni birtir Guð okkur áætlun um hvernig við getum fæðst aftur, sem þýðir að frelsast. Áætlun hans er einföld! Þú getur frelsast í dag. En hvernig?

Fyrst verðurðu að gera þér grein fyrir því að þú ert syndari. Því “Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.” (Rm 3.23).

Vegna þess að þú ert syndari ertu dæmdur til dauða, því að “Laun syndarinnar er dauði ...” (Rm 6.23). Það merkir eilífan aðskilnað frá Guði í helvíti.

“... það liggur fyrir mönnum eitt sinn að deyja og eftir það að fá sinn dóm ...” (Heb 9.27).

En Guð elskaði þig svo mikið að hann gaf sinn eingetna son, Jesú, til þess að bera syndir þínar og deyja í þinn stað. “Þann sem þekkti ekki synd [Jesú] gjörði hann að synd vor vegna til þess að vér skyldum verða réttlæti Guðs í honum.” (2 Kor 5.21).

Jesús varð að úthella blóði sínu og deyja. “Því að líf líkamans er í blóðinu.” (3 Mós 17.11). “... eigi fæst fyrirgefning án úthellingar blóðs.” (Heb 9.22).

“... Guð auðsýnir kærleika sinn til vor þar sem Kristur er fyrir oss dáið meðan vér enn vorum í syndum vorum.” (Rm 5.8).

Þótt við getum ekki skilið hvernig það gerðist sagði Guð að syndir okkar hefðu verið lagðar á Jesú og að hann hefði dáið í okkar stað. Hann kom í okkar stað. Þetta er sannleikur. Guð getur ekki sagt ósatt.

“Guð ... boðar nú mönnum að þeir skuli allir hvarvetna taka sinnaskiptum...” (P 17.30). Slík sinnaskipti koma heim og saman við þau orð Guðs að við séum syndarar og einnig það sem Jesús lagði á sig á krossinum fyrir okkur.

Í Postulasöggunni (16.30-31) spurði fangavörðurinn í Filippí þá Pál og Sílas: “Herrar mínir, hvað á ég að gjöra til að verða hólpinn? En þeir sögðu: ‘Trú þú á Drottin Jesú og þú munt verða hólpinn...’”

Trúðu einfaldlega á hann sem þann er bar syndir þínar, dó í þinn stað og var grafinn og Guð reisti aftur upp frá dauðum. Upprisa hans er óyggjandi sönnun þess að sá sem trúir geti öðlast eilíft líf þegar hann tekur á móti Jesú sem frelsara sínum.

“En öllum þeim sem tóku við honum gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim er trúá á nafn hans.” (Jh 1.12). “...því að hver sem ákallar nafn Drottins mun hólpinn verða.” (Rm 10.13).

Orðin “hver sem” ná einnig til þín. Orðin “mun hólpinn verða” merkja ekki eitthvað sem verður ef til vill eða getur orðið, heldur mun frelsast.

Að sjálfsgöðu gerirðu þér grein fyrir að þú ert syndari. Hvar sem þú ert staddur/ stödd nú skaltu iðrast og lyfta hjarta þínu til Guðs í bæn.

Í Lk 18.13 baðst syndari fyrir með þessum orðum: “Guð, vertu mér syndugum líknsamur.” Bæn þín gæti verið: **“Guð minn, ég veit að ég hef syndgað. Ég trúi því að Jesús hafi dáið á krossinum fyrir mig. Ég trúi því að hann hafi úthellt blóði sínu, dáið, verið grafinn og risið upp á ný fyrir mig. Ég vil nú taka við honum sem frelsara mínum. Ég þakka þér fyrir þá náðargjöf að fyrirgefa mér syndir mínar, frelsa mig og gefa mér eilíft líf. Amen.”**

Taktu Guð á orðinu og taktu við frelsun hans í trú. Trúðu - og þú munt frelsast. Engin kirkja, engin stúka, engin góðverk geta frelsað þig. Hafðu hugfast að það er Guð sem frelsar. Hann sér um allt!

Hin einfalda áætlun Guðs er þessi: Þú ert syndari. Ef þú trúir ekki á Jesú, sem dó í þinn stað, muntu dveljast í helvíti til eilífdar. En ef þú trúir á hann sem þinn krossfesta, grafna og upprisna frelsara verða þér fyrirgefna allar syndir og færð gjöf hans sem er eilíf frelsun fyrir trú.

Þú segir kannski: “Þetta getur nú ekki verið svona einfalt.” Jú, þetta er svo einfalt! Þetta er samkvæmt ritningunni. Þetta er áætlun Guðs. Vinur, trúðu á Jesú og taktu við honum sem frelsara þínum í dag.

Ef áætlun hans er ekki enn orðin ljós og auðskilin í huga þér skaltu lesa þetta rit aftur og aftur án þess að leggja það frá þér þangað til þú skilur það. Sál þín er meira virði en allur heimurinn.

“Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn en fyrirgjöra sálu sinni?” (Mk 8.36).

Láttu frelsast. Ef þú glatar sálu þinni missirðu af himnaríki og tapar öllu. Leyfðu Guði að frelsa þig nú þegar!

Kraftur Guðs frelsar þig til frambúðar og gerir þér kleift að lifa sigursælu kristilegu lífi. “Þér hafið ekki reynt nema mannlega freistingu. Guð er trúr og lætur ekki freista yðar um megn fram, heldur mun hann þegar hann reynir yður einnig sjá um að þér fáið staðist.” (1 Kor 10.13).

Treystu ekki tilfinningum þínum því þær eru breytingum háðar. Treystu lofordum Guðs því að þau breytast aldrei. Þegar þú hefur frelsast skaltu gera þrennt daglega til þess að stuðla að andlegum þroska þínum: biðja - talaðu við Guð, lesa Biblíuna þína - Guð talar til þín, og vitna - talaðu máli Guðs.

Þú ættir að láta skírast til hlýðni við Drottin Jesú Krist sem opinberan vitnisburð um frelsun þína og ganga síðan án tafar í söfnuð sem trúir á Biblíuna. “Fyrirverð þig ekki fyrir vitnisburðinn um Drottin vorn ...” (2 Tm 1.8).

“Hvern þann sem kannast við mig fyrir mönnum mun og ég við kannast fyrir föður mínum á himnum.” (Mt 10.32).

Einkaréttur@ Robert Ford Porter, 1991